

Greiðslur í sjóðinn verði 50,0% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils, en greiðslur úr sjóðnum 50,0% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðist við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 7. mars 1986.*

F. h. r.  
**Árni Kolbeinsson.**

*Sigurður P. Sigmundsson.*

## AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytis á verðgrundvelli á  
hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október 1985 til  
31. janúar 1986.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október 1985 til 31. janúar 1986:

### **Laus- og blokkfrystur hörpudiskur**

Færri en 60 stk. í lb.

Fleiri en 60 stk. í lb. og óflokkað

Hálfhreinsaður

Rauður og brotinn

Verðbil verði 5%.

U.S.\$ pr. lb. cif.

3,23

2,99

1,47

1,81

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62,5% af verðbreytingum frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðin miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 7. mars 1986.*

F.h.r.  
**Árni Kolbeinsson.**

*Sigurður P. Sigmundsson.*

## GJALDSKRÁ

**um greiðslur fyrir aukaverk presta.**

1. gr.

Prestum ber greiðsla fyrir aukaverk frá þeim sem verk er unnið fyrir skv. gjaldskrá þessari.

Greiðslur fyrir aukaverk skal miða við ákveðinn fjölda eininga. Hver eining jafngildir hálfu tímakaupi í dagvinnu skv. byrjunarlaunaflokki presta, nú l. fl. 138.

## 2. gr.

Prestum ber greiðsla fyrir aukaverk sem hér segir:

1. Fyrir skírn .....	4 einingar
2. Fyrir fermingu með undirbúningi .....	16 einingar
3. Fyrir hjónavígslu .....	10 einingar
4. Fyrir kistulagningu eða húskveðju .....	6 einingar
5. Fyrir greftrun án ræðu .....	8 einingar
6. Fyrir greftrun með ræðu .....	22 einingar
7. Fyrir embættisvottorð .....	1 einingar

Upphæð greiðslu skal færð til hækunar eða lækkunar að næsta heila tug króna.

## 3. gr.

Kostnað vegna ferðar prests, ef hann er sérstaklega kvaddur til að vinna aukaverk, greiðir sá er beiðist verksins skv. reglum um greiðslu ferðakostnaðar ríkisstarfsmanna.

## 4. gr.

Prestur lætur ókeypis í té vottorð vegna meðlagsgreiðslu barna og vottorð gefin samkvæmt beiðni sveitarstjórna, opinberra stofnana og annarra stjórnvalda.

Ennfremur er presti skylt að gefa hlutadeigendum ókeypis vottorð um skírnir og hjónavígslur, er hann framkvæmir, enda sé þeirra vitjað eigi síðar en viku eftir að athöfn fór fram.

## 5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 36/1931 um embættiskostnað og aukaverk presta og gildir frá 1. janúar 1986 til 31. desember 1995. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá frá 15. desember 1969 um greiðslur fyrir aukaverk presta.

Heimilt er að taka gjaldskrá þessa til endurskoðunar á gildistímanum ef forsendur breytast af einhverjum ástæðum.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 11. mars 1986.*

**Jón Helgason.**

*Porleifur Pálsson.*

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Rangæinga.

## 1. gr.

Hitaveita Rangæinga selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

## 2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem tengist veitunni í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar húss og neyslu enda verði ofnar þess taldir nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað afnot hitaorku til annars en húshitunar, svo sem til heypurrkunar eða annars atvinnureksturs, enda verði ákveðið gjald í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.